

Aðgengi nemenda að hljóðbókum á Íslandi

Unnið fyrir mennta- og barnamálaráðuneyti og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti

Ágúst 2025

Efnisyfirlit

Blaðsíða

Um verkefnið	3
Helstu niðurstöður	4
1. niðurstaða: Aukið framboð og eftirspurn hljóðbóka	6
2. niðurstaða: Mögulegar úrbætur til útgáfu námsefnis verði námsgagnafrumvarp að lögum	11
3. niðurstaða: Stuðningur við bókaútgáfu	16
4. niðurstaða: Höfundalög, tækni og leiðbeiningar	22
Tillögur og ábendingar	35
Viðauki um könnun á meðal starfsfólks skóla	40
Helstu heimildir	50

Greining á aðgengi nemenda að hljóðbókum

Þann 18. desember 2024 var undirritaður samningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og menningar- og viðskiptaráðuneytisins við ARCUR um úttekt á aðgengi barna og ungmenna að hljóðbókarefni. Í nýju Stjórnarráði falla þau verkefni sem áður tilheyrðu menningar- og viðskiptaráðuneyti vegna þessarar úttektar nú til menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytisins.

Markmið með úttektinni var að kortleggja aðgengi nemenda að hljóðbókarefni, hvort heldur námsefni eða yndislesefni og átti hún að ná til nemenda á öllum skólastigum barna til 18 ára aldurs.

Horft var sérstaklega til aðgengis að efni sem til staðar er á Hljóðbókasafni Íslands (HBS), Rafbókasafni, Borgarbókasafni, á skólabókasöfnum, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) og á efnisveitum eins og Storytel, hlusta.is og á námsefnis- og skólavefjum eftir því sem við á. Ennfremur var horft til möguleika sem ný tækni kann að hafa á framleiðslu og aðgengi að hljóðbókum.

Verkefnið var unnið með þeim hætti að í greiningarhluta vinnunnar voru haldnir fundir með hagaðilum og fyrir-

liggjandi gögn skoðuð. Þá var gerð könnun meðal starfsfólks skóla þar sem leitað var eftir mati þeirra á aðgengi nemenda að hljóðbókarefni. Farið var í gegnum lög og reglugerðir sem málefnið varðar, svo sem höfundarréttarlög og lög um bókasöfn. Þá voru rýndir þeir samningar sem aðgengilegir voru og markaðurinn greindur með tilliti til neyslu þróunar.

Talnaefnis var m.a. aflað hjá Hagstofunni varðandi afkomu af bókaútgáfu almennt og í hljóðbókarútgáfu sérstaklega. Talnaefnis um þróun í bókaútgáfu var einnig aflað hjá Landsbókasafninu, hjá MMS var útgáfa kennsluefnis borin saman við þá niðurstöðu og fjárhagsupplýsinga var aflað af Keldunni, sem er upplýsingaveita um rekstur fyrirtækja og fjármál.

Fljótlega kom í ljós að þeir aðilar sem mestu skipta á markaði fyrir hljóðbækur eru Storytel, sérstaklega þegar horft er til yndislesturs, Hljóðbókasafnið, gagnvart þeim sem eiga erfitt með lestur prentaðs leturs, og Rafbókasafnið (almenningsbókasöfnin), sem stendur Storytel langt að baki með íslenskt efni, en hefur í samstarfi við erlenda

samstarfsaðila allnokkurt framboð af hljóðbókum.

MMS hefur staðið að gerð námsefnis fyrir grunnskóla. Þá eru ótaldir smærri aðilar sem hafa sérhæft sig í efni fyrir framhaldsskóla og leikskóla en framboð þeirra er takmarkað.

Meðfylgjandi samantekt er sett þannig upp að í upphafi er farið yfir fjórar niðurstöður. Í framhaldi af því er gerð grein fyrir hverri niðurstöðu í númeruðum hlutum 1–4 og bakgrunnur þeirra rakinn. Þá eru settar fram tillögur, hugmyndir og ábendingar sem kviknuðu við vinnslu verkefnisins. Í lokin er gerð grein fyrir könnun sem gerð var og yfirlit yfir helstu heimildir.

Tengiliðir verkefnisins hjá ráðuneytunum voru Svandís Ingimundardóttir, sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneyti, og Bryndís Jónatansdóttir, sérfræðingur í menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður

1

Þróun bóklesturs hefur um allan heim verið í þá veru að **vegur hljóðbókarinnar hefur aukist**. Kröftug innkoma hljóðbókarinnar á íslenskan bókamarkað sést ekki síst í því að árlegur 4% samdráttur tekna bókaútgefenda 2002–2018 snerist í umtalsverðan vöxt með innkomu Storytel á bókamarkaðinn árið 2018.

Spár um þróun hljóðbókamarkaðarins gera ráð fyrir áframhaldandi kröftugum vexti á alþjóðavísu, sem m.a. verður leiddur af **aukinni eftirspurn ungmenna**, ekki síst eftir námsefni og hagnýtingu tækni í auknum mæli.

3

Opinber **stuðningur við íslenska bókaútgáfu** með endurgreiðslu 25% útgáfukostnaðar sem hófst 2019 **virðist hafa skilað sér til neytenda** og samhliða hafa tekjur af bókaútgáfu aukist. Fjöldi útgefinna hljóðbóka hefur á þessum tíma aukist verulega, en ekki er að sjá að fleiri prentaðar bækur hafi verið gefnar út. **Fjárhagslegur stuðningur við þróun skólastarfs og til námsefnisgerðar er veittur úr mismunandi sjóðum**, auk þess sem MMS stendur að gerð námsefnis. Það er líklegt að auka megi skilvirkni með samræmdum aðgerðum, t.d. á vegum MMS.

4

Aðgengi að hljóðbókum takmarkast af réttarvernd höfunda í **höfundalögum**, óaðgengilegri **tækni** og skorti á **leiðbeiningum** til kennara og nemenda um það hvernig nýta megi það efni sem til staðar er. Fyrirliggjandi efni og aðgengi að því er ólíkt eftir aldri nemenda, móðurmáli og því að nemandi hafi verið greindur með prentleturshömlun.

2

Talsvert hefur **dregið úr útgáfu frumsaminna íslenskra kennslubóka**, miðað við skil bóka til Landsbókasafnsins, **síðustu 15 árin** (2008–2023). Þessi samdráttur á einnig við um útgáfu kennsluefnis í hljóðbókum.

Samdráttur síðustu ára setja þrýsting á aukna útgáfu og markmið frumvarps til nýrra laga um námsgögn vekja vonir um að breyting verði hér á.

1 niðurstaða

Aukið framboð og eftirspurn hljóðbóka

Þróun bóklesturs hefur um heim allan verið í þá veru að vegur hljóðbókarinnar hefur aukist. Kröftug innkoma hljóðbókarinnar á íslenskan bókamarkað sést ekki síst í því að árlegur 4% samdráttur tekna bókaútgefenda 2002 – 2018 snerist í umtalsverðan vöxt með innkomu Storytel á bókamarkaðinn árið 2018.


Spár um þróun hljóðbókamarkaðarins gera ráð fyrir áframhaldandi kröftugum vexti á alþjóðavísu, sem m.a. verður leiddur af aukinni eftirspurn ungmenna, ekki síst eftir námsefni og hagnýtingu tækni í auknum mæli.

Bakgrunnur niðurstöðu 1:

- 1.1 Tekjur af bókaútgáfu jukust með auknu framboði hljóðbóka
- 1.2 Eftirspurn eftir hljóðbókum hefur aukist umtalsvert
- 1.3 Útgáfa hljóðbóka sjöfaldast, óbreyttur fjöldi prentaðra bóka
- 1.4 Aukin eftirspurn eftir hljóðbókum er alþjóðleg þróun

Tekjur af bókaútgáfu jukust með auknu framboði hljóðbóka

Tekjur af bókaútgáfu drógust saman 2002–2018 en hafa aukist ár frá ári síðan



Tekjur í bókaútgáfu lækkuðu talsvert ár frá ári 2002–2018. Að jafnaði nam lækkunin 4% á milli ára, en tekjur sem voru um 7,6 ma.kr. árið 2002 (verðlag 2023), höfðu þá lækkað í tæpa 4 ma.kr. árið 2018. Mest var lækkunin 14% 2007–2008.

Frá árinu 2018 hækkuðu tekjur af bókaútgáfu milli ára. Þær fóru úr tæpum 4,0 ma.kr. árið 2018 í tæpa 5,2 ma.kr. árið 2019 og 5,9 ma.kr. árið 2020.

Árið 2023 námu tekjurnar um 6,7 ma.kr. Gulu súlurnar á myndinni sýna hve mikið tekjur hækka, hlutfallslega, á milli einstakra ára, mest var hækkunin milli árunna 2018 og 2019 (30%) en mest var lækkunin 14% á milli árunna 2007 og 2008.

Rauða línan sýnir hvernig afkoman hefur þróast í greininni. Afkoman er hér mæld sem rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA). Að jafnaði hefur hún verið jákvæð, þ.e. frá og með árinu 2004. Frá og með árinu 2019 hefur EBITDA verið á bilinu 6–8,6% af tekjum ár hvert.

Umsnúning í tekjum frá árinu 2018 má skýra með auknum stuðningi hins opinbera við bókaútgáfu og kröftugri innkomu Storytel á markaðinn með framboði hljóðbóka.

Heimild: Hagstofan – sérvinnsla febrúar 2025. Ársreikningar Storytel og samantekt af Keldunni. Allar tölur eru færðar á meðalverðlag 2023.

Eftirspurn eftir hljóðbókum hefur aukist umtalsvert

Tekjur Storytel sjöfölduðust á fimm árum á föstu verðlagi

Storytel er langstærsti hljóðbókaframleiðandinn á Íslandi. Það kemur m.a. fram í markaðsgreiningu Samkeppniseftirlitsins á bókamarkaði frá 2021 og tekjur félagsins hafa aukist frá því hún var skrifuð.

Í markaðsgreiningu Samkeppniseftirlitsins kemur fram að „Storyside (sem er útgáfuarmur Storytel), [sé] með áberandi sterkasta stöðu á markaðnum eða [80–85]% markaðshlutdeild. Storytel er síðan með enn sterkari stöðu á markaði fyrir smásölu hljóðbóka eða [95–100]% hlutdeild.“ (Sjá Samkeppniseftirlitið 2021).


Vöxtur Storytel er birtingarmynd aukins almenns áhuga á hljóðbókum og aukinnar eftirspurnar

Á tiltölulega stuttum tíma, þ.e. frá 2018, hafa tekjur Storytel hækkað úr 258 m.kr. í 1.901 m.kr. árið 2023.

Raunaukning tekna Storytel var tæplega 50% á ári að jafnaði 2018–2023, sem er sjöföldun á fimm árum, umfram verðlagsbreytingar. Tekjur félagsins námu 28% af heildartekjum af bókaútgáfu árið 2023, sem er aukning úr 6,5% árið 2018.

Þessi þróun er ekki bundin við Ísland, sbr. skýrslu sem Frankfurter Buchmesse gaf út í september 2024. Þar kemur m.a. fram að í Noregi hafi notkun streymisveitna aukist umtalsvert síðustu ár og á fyrsta ársfjórðungi 2024 hafi hljóðbókamarkaðurinn staðið fyrir allt að 40% tekna af bókaútgáfu. Markaðshlutdeild hljóðbóka á Íslandi er líklega nær þriðjung.

Storytel á Íslandi, tekjur og afkoma
(meðalverðlag 2023)



Útgáfa hljóðbóka sjöfaldast, óbreyttur fjöldi prentaðra bóka

Árin 2018–2023 voru að jafnaði gefnar út 430 hljóðbækur á ári en um 950 prentaðar bækur


Þrátt fyrir að tekjur af bókaútgáfu hafi aukist umtalsvert hefur ekki verið samsvarandi fjölgun útgefinna bóka. Landsbókasafnið tók saman tölur í töflur yfir fjölda útgefinna bóka frá árinu 2008. Samkvæmt þeim voru á tímabilinu 2018–2023 prentaðar um 950 bækur á ári og um 430 bækur gefnar út í hljóðbók.

Til samanburðar má skoða fjölda umsókna eftir endurgreiðslu útgáfukostnaðar. Þær tölur eru lægri en tölur Landsbókasafnsins, því ekki fæst endurgreiðsla vegna allra bóka og ekki er sótt um endurgreiðslu í öllum tilvikum.

Hafa þarf í huga að nokkur tími getur liðið frá útgáfu þar til titlar skila sér til Landsbókasafnsins og er árinu 2024 sleppt af þeim sökum. Skoða mætti hvort bæta megi tölfræði um bókaútgáfu með því að skilyrða 25% endurgreiðslu kostnaðar við bókaútgáfu því að eintökum hafi verið skilað til Landsbókasafnsins.

Myndin hér til hægri er unnin úr talnaefni sem Landsbókasafnið tók saman í febrúar og mars 2025 að beiðni ARCUR.

Fjöldi útgefinna bóka eftir tegund



Aukin eftirspurn eftir hljóðbókum er alþjóðleg þróun

Í kynningu á helstu niðurstöðum úr skýrslu Grand View Research um hljóðbókamarkaðinn og áætlaða þróun hans fyrir árin 2025–2030 á alþjóðavísu og í skýrslu sem Frankfurter Buchmesse gaf út í samstarfi við Dosdoce.com í september 2024 um þróun á markaði fyrir hljóðbækur á öðrum tungumálum en ensku kemur m.a. fram:

- **Auknar vinsældir hljóðbóka meðal yngri kynslóða ýta verulega undir vöxt hljóðbókamarkaðarins, sem á ekki síst við um námsefni.** Þessi aldurshópur kys í auknum mæli hljóðbók fram yfir prentaðar bækur, m.a. vegna þeirrar upplifunar sem góðir flytjendur bæta við efnið. Aukið aðgengi að hljóðbókum gerir námsefni einnig aðgengilegra fyrir nemendur með prentleturshömlun.
- **Fólk vill nýta tíma sinn betur.** Margir hlusta á hljóðbækur á ferð, við æfingar eða samhliða því að sinna öðrum verkefnum. Þessi þörf fyrir að sinna mörgu í senn er lykildrifkraftur að vexti hljóðbókamarkaðarins.
- **Barnabókamarkaðurinn mun vaxa hraðast á árunum 2025–2030.** Vöxtur næstu árin verður m.a. drifinn af aukinni hljóðbókanotkun í námi barna. Margir titlar eru einnig hannaðir sérstaklega til yndislesturs barna. Kostir hljóðbóka fyrir börn eru m.a. aukinn orðaforði, aukið ímyndunarafli og skilningur á frásögnum – sem allt leiðir til betri lesskilnings. Þetta eru eftirsóknarverðir kostir sem bjóða upp á mögulegan vöxt í útgáfu hljóðbóka fyrir börn og skapa möguleika á þróun í kennsluaðferðum.
- **Áætlað er að hljóðbókamarkaðurinn í Evrópu vaxi um yfir 28% árlega (CAGR) frá 2025 til 2030.** Mikil notkun snjalltækja og lesbretta og rík frásagnarhefð í Evrópu styður við vöxtinn. Gervigreind og stafræn tækni munu gegna lykilhlutverki í þróun hljóðbókamarkaðarins. Útgáfa hljóðbóka á móðurmáli einstakra ríkja Evrópu og aukið framboð, m.a. í áskriftarþjónustum, styður við frekari vöxt. Loks stuðlar áhersla á menntun og sjálfsþroska að aukinni eftirspurn eftir fræðsluefni, sjálfshjálparbókum og barnaeefni í hljóðformi.

Aukin notkun hljóðbóka er alþjóðleg þróun sem gert er ráð fyrir að haldi áfram á næstu árum, sem á ekki síst við um námsefni.

Gert er ráð fyrir því að árlegur vöxtur hljóðbókamarkaðarins verði ríflega 28% á tímabilinu 2025–2030.

Gervigreind og stafræn tækni mun styðja við þróun hljóðbókamarkaðarins.

2 niðurstaða

Mögulegar úrbætur til útgáfu námsefnis verði námsgagnafrumvarp að lögum

Talsvert hefur dregið úr útgáfu frumsaminna íslenskra kennslubóka síðustu 15 árin (2008–2023). Útgáfa kennsluefnis í hljóðbókum hefur ekki haldið í við þann vöxt sem sjá má í almenntri hljóðbókaútgáfu.

Bakgrunnur niðurstöðu 2:

- 2.1 Námsgögn án endurgjalds fyrir 0–18 ára skv. frumvarpi til laga
- 2.2 Útgáfa frumsaminna íslenskra kennslubóka dregst saman
- 2.3 Útgefið kjarnaefni MMS er aðgengilegt í hljóðbók
- 2.4 Hlutfall íbúa á skólaaldri með erlendan bakgrunn hækkar

Námsgögn án endurgjalds fyrir 0–18 ára skv. frumvarpi til laga

Hljóðbækur geta stutt við íslenskunám þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku

Í frumvarpi til laga um námsgögn sem lagt var fyrir Alþingi í lok mars 2025 (255. mál á 156. löggjafarþingi) er lagt til að gerð verði sú meginbreyting að námsgögn verði án endurgjalds fyrir börn að 18 ára aldri. Námsgögn eru í dag greidd úr ríkissjóði fyrir börn í grunnskólum en ekki þau sem eru í leik- og framhaldsskólum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þetta fyrirkomulag hafi haldist nær óbreytt í áratugi á sama tíma og skólakerfið hafi verið í stöðugri þróun og þarfir þess breyst. Í tilvitnuninni í greinargerðina hér að neðan er m.a. vísað til breyttra þarfa á námsgögnum í kjölfar þess að íbúum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hefur fjölgað verulega:

„Frumvarpinu er ætlað að koma til móts við framangreinda þróun og breytingar á skólaumhverfinu og miðar að því að annars vegar að auka aðgengi að námsgögnum og hins vegar að gera kerfið skilvirkara þannig að bregðast megi fyrir við samfélagslegum breytingum. ...

Breytt umhverfi skólanna, svo sem hröð tækniþróun og ör fjölgun nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hefur leitt til breyttra krafna um gerð og inntak námsefnis. Skýrar vísbendingar eru um að núverandi fyrirkomulag svari ekki þeirri þörf.“

Á bls. 15 má sjá að íbúar á leik-, grunn- og framhaldsskólaaldri sem hafa fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eru nú tæpur þriðjungur landsmanna.

Nefnt hefur verið að skilvirk leið til að mæta þörfum þessa hóps til að læra íslensku sé m.a. að hlusta á lesinn texta, samhliða lestri (sjá Conklin o.fl.).

„Researchers and teachers have explored ways of supporting the reading process and maximizing its learning potential, and have suggested that combining reading and auditory input aids comprehension and leads to larger learning gains. In this context, second language (L2) learners may encounter audio books, in which they are asked to listen to a story while following along with the text. Indeed, researchers have demonstrated that reading-while-listening is beneficial for comprehension and fluency ... and incidental vocabulary learning ..., as well as providing a more positive experience for learners.“

– Sjá Conklin o.fl.

Á síðunum sem hér fylgja á eftir má sjá að útgáfa námsefnis hefur almennt dregist saman og að útgáfu námsefnis í hljóðbókum er ennfremur ábótavant.

Útgáfa frumsamdra íslenskra kennslubóka dregst saman


Útgáfa kennslubóka í hljóðbókarformi hefur ekki aukist til jafns við aðra hljóðbókaútgáfu

Nær helmingi færri frumsamdar íslenskar kennslubækur voru gefnar út að jafnaði á ári árin 2019–2023 en voru gefnar út 2008–2012.

Myndin sýnir þróun útgáfu námsefnis í prentuðum bókum, rafbókum og hljóðbókum skv. upplýsingum frá Landsbókasafninu 2008–2023.

Í upphafi þessa tímabils, 2008–2012, voru að meðaltali gefnar út 113 frumsamdar íslenskar kennslubækur og 21 þýdd bók.

Útgefnum bókum fækkaði hins vegar 2019–2023 í 61 frumsamda íslenska bók og 65 ef þýddar kennslubækur eru taldar með.



Dregið hefur úr útgáfum MMS síðustu 10 árin

Samtals 76 hljóðbækur aðgengilegar á vef Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu

Lesi má sambærilega þróun um útgáfu kennsluefnis á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS) síðustu 10 árin og úr talnaefni Landsbókasafnsins á síðunni hér að framan.


Niðurstöður talningar ARCUR á útgefnu efni sem aðgengilegt er á heimasíðu MMS sýnir að alls eru útgáfurnar tæplega 1.100. Sundurliðun má sjá á myndinni hér til hægri, þar af tiltölulega fáar hljóðbækur (hljóðefni).

MMS hefur bent á að árið 2020 hafi áhersla stofnunarinnar verið á útgáfu rafbóka vegna COVID-19, þannig mætti auðvelda foreldrum að aðstoða börn við námið. Þetta hafði áhrif til þess að færri hljóðbækur komu út. Margar bækur eru hins vegar í hljóðvinnslu núna og því má búast við auknu framboði, m.a. á efni sem unnið var á COVID-19 tímanum.

Skýldur MMS hafa verið við grunnskólann, en á vefsíðu stofnunarinnar má flokka efnið eftir leik-, grunn- og framhaldsskólum. Talningin nær til allra skólastiganna og allra þeirra 24 námsgreina, sem þar eru taldar til.

Hér er allt efni talið með, hvort heldur um er að ræða bækur, kjarnaefni, leiðbeiningar, vefi eða annað efni. Eins og sjá má af þessari upptalningu er þetta ekki allt í formi bókar.

Útgáfa Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu 2015–2024



Hlutfall íbúa á skólaaldri með erlendan bakgrunn eykst


Hljóðbækur þykja heppilegar til að styðja við íslenskunám nemenda með erlendan bakgrunn

Mikil breyting er á samsetningu nemenda á öllum skólastigum þannig að frá 1996 hefur hlutfall nemenda með erlendan bakgrunn aukist frá því að vera um og undir 10% í nær 30% í árslok 2024.

Svo hátt hlutfall nemenda með erlendan bakgrunn hlýtur að auka álag á kennslu og gera kröfur um fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Hagnýting hljóðbóka, ekki síst þegar mögulegt er að fylgja upplestri í hljóðbók eftir í prentaðri bók, hefur þótt hentug aðferð til að styðja við nám þessa hóps nemenda, m.a. við íslenskunám þeirra.

Hlutfall íbúa með erlendan bakgrunn á skólaaldri



3 niðurstaða

Stuðningur við bókaútgáfu

Opinber stuðningur við íslenska bókaútgáfu með endurgreiðslu 25% útgáfukostnaðar sem hófst 2019 virðist hafa skilað sér til neytenda og samhliða hafa tekjur af bókaútgáfu aukist. Fjöldi útgefinna hljóðbóka hefur á þessum tíma aukist verulega, en ekki er að sjá að fleiri prentaðar bækur hafi verið gefnar út. Fjárhagslegur stuðningur við þróun skólastarfs og til námsefnisgerðar er veittur úr mismunandi sjóðum auk þess sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) stendur að gerð námsefnis. Það er líklegt að auka megi skilvirkni með samræmdum aðgerðum, t.d. á vegum MMS.

Bakgrunnur niðurstöðu 4:

- 3.1 Rithöfundar fá greitt fyrir afnot bókasafna af bókum þeirra
- 3.2 Endurgreiðsla útgáfukostnaðar hafði jákvæð áhrif á útgáfu
- 3.3 Stuðningur við bókaútgáfu virðist skila sér til neytenda
- 3.4 Áætlaður meðalkostnaður við útgáfu hljóðbókar er 475 þ.kr.
- 3.5 Þrír sjóðir styðja við námsgagnaverð og skólaþróun

Rithöfundar fá greitt fyrir afnot bókasafna af bókum þeirra

Auk þess er rithöfundum greitt úr bókmenntasjóði til að efla útgáfu íslenskrar bókmenningu

Lög um bókmenntir nr. 91/2007 hafa það að markmiði „að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu og búa íslenskri bókmenningu hagstæð skilyrði“. Í 4. gr. er fjallað um fjárhagslegan stuðning við bókaútgáfu og í 7. gr. eru ákvæði um greiðslur fyrir afnot bókasafna af bókum höfunda.

Hlutverk bókmenntasjóðs er að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu. Hlutverk sitt rækir hann með því að styrkja:


- „a. útgáfu frumsaminna íslenskra skáldverka,
- b. útgáfu vandaðra rita sem eru til þess fallin að efla íslenska menningu,
- c. útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslenskri tungu.“

Í 7. gr. laganna er kveðið á um greiðslur til höfunda fyrir afnot bóka þeirra á bókasöfnum sem rekin eru af ríki eða sveitarfélögum og skulu greiðslur veittar af árlegri fjárveitingu Alþingis.

Greiðslur til höfunda skv. 7. gr. fara eftir fjölda bókaútlána bókasafna vegna hverrar bókar. Greiðslurnar ná einnig til hljóðbóka.

Framlögin jukust umtalsvert 2019–2021.
Frá 2021 hefur sjóðurinn lotið aðhaldskröfu
og framlögin minnkað á milli ára.

Greiðslur til höfunda skv.
lögum um bókmenntir nr. 91/2007



Endurgreiðsla útgáfukostnaðar hafði jákvæð áhrif á útgáfu


Tekjur af bókaútgáfu jukust um 16% á milli áranna 2018 og 2019 í kjölfar nýrra laga

Í upphafi árs 2019 tóku gildi lög nr. 130/2018, um stuðning við útgáfu bóka á íslensku. Stuðningurinn felst í endurgreiðslu á 25% kostnaðar við bókaútgáfu.

Áhrif af lagabreytingunum má sjá hér til hliðar. Rauða línan sýnir breytinguna ef tekjur Storytel eru ekki teknar með og gula línan sýnir hver þau eru að teknu tilliti til þeirra.

Tilkoma laganna virðist stöðva neikvæða tekjuþróun 2008–2018. Tekjur jukust um tæp 16% umfram verðlag 2018–2019 (án áhrifa Storytel).

Áhrif hljóðbókarinnar birtast í tekjuþróun greinarinnar að meðtöldum tekjum Storytel (gula línan).



Stuðningur við bókaútgáfu virðist skila sér til neytenda

Lög um endurgreiðslu fjórðungs bókaútgáfukostnaðar til bókaútgefenda tóku gildi 2019


Markmið laga um 25% endurgreiðslu kostnaðar við bókaútgáfu er að veita bókaútgefendum stuðning í formi endurgreiðslu á hluta kostnaðar sem fellur til við útgáfu bóka á íslensku. Lögin ná einnig til kostnaðar við útgáfu hljóðbóka.

Almenn ánægja virðist vera með framkvæmd laganna meðal Félags íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT) og ráðuneytisins, fyrir utan það að færa hefur þurft kostnað til á milli ára vegna ónæggra fjárveitinga (sjá Deloitte).

FÍBÚT telur stuðninginn algera nauðsyn og að markaðurinn sé búinn að aðlagast sig að honum. Fram kom hjá FÍBÚT að rithöfundar hafi aukið sínar kröfur gagnvart útgefendum (sjá bls. 12 í skýrslu Deloitte) og að smásalar hafi hækkað sína álagningu.

Þegar áhrifin eru skoðuð með tilliti til verðlagsbreytinga almennt og nokkurra þátta sem mynda vísitölu neysluverðs má sjá að áhrif endurgreiðslunnar virðast hafa skilað sér til neytenda, þannig að hækkun bókakostnaðar er minni en hækkun neysluvísitölunnar í heild.

Bókakostnaður hefur hækkað minna en verðlag



Áætlaður meðalkostnaður við útgáfu hljóðbókar er 475 þ.kr.

Hlutfall umsókna af fjölda útgefinna bóka ár hvert


Miðað er við árlegan fjölda útgefinna bóka skv. gögnum frá Landsbókasafninu (sjá bls. 9). Hlutföllin eru birt á bláum og rauðum grunni. Umsóknir voru skv. þessu fyrir 66–85% útgefinna hljóðbóka og 51–66% prentaðra bóka.

Frá árinu 2020 hafa að jafnaði um 840 umsóknir borist á ári (bláa línan). Í flestum tilvikum er sama umsókn fyrir endurgreiðslu á kostnaði vegna prentaðrar útgáfu og vegna hljóðvinnslu og lesturs hljóðbókar, þ.e. sama bókin er gefin út prentuð og sem hljóðbók.


Áætlaður kostnaður 475 þ.kr. á hverja hljóðbók

Árið 2024 var kostnaður við upplestur 118 m.kr. og 36 m.kr. vegna hljóðvinnslu. Kostnaður við framleiðslu hljóðbóka má því ætla að sé um 154 m.kr. fyrir 325 hljóðbækur. Það gerir um 475 þ.kr. á hverja útgefna hljóðbók.

Fjöldi umsókna eftir tegund útgáfu



Kostnaður í umsóknum til endurgreiðslu vegna hljóðbókagerðar



Þrír sjóðir styðja við námsgagnagerð og skólaþróun


Árið 2023 voru framlög sjóðanna um 224 m.kr. samtals

Námsgagnasjóður leggur grunnskólum til viðbótarfé til námsgagnakaupa til að tryggja val þeirra og aukið svigrúm til kaupa á námsgögnum til viðbótar við úrval MMS. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir til einstakra skóla í samræmi við fjölda nemenda.


Þróunarsjóður námsgagna skal stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Sjóðurinn fær úthlutað fjármagni af fjárlögum hverju sinni.

Sprotasjóði ber að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi (leik-, grunn- og framhaldsskóla) í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá og er hann fjármagnaður á fjárlögum. Sjóðnum er ekki ætlað að greiða fyrir námsgagnagerð.


Úthlutanir úr Þróunarsjóði námsgagna



Úthlutanir úr Námsgagnasjóði



Úthlutanir úr Sprotasjóði skóla



4 niðurstaða

Höfundalög, tækni og leiðbeiningar

Aðgengi að hljóðbókum takmarkast af réttarvernd höfunda í höfundalögum, óaðgengilegri tækni og skorti á leiðbeiningum til kennara og nemenda um það hvernig nýta má það efni sem til staðar er. Fyrirliggjandi efni og aðgengi að því er ólíkt eftir aldri nemenda, móðurmáli og því að nemandi hafi verið greindur með prentleturs-hömlun.

Bakgrunnur niðurstöðu 4:

- 4.1 Útgáfa hljóðbóka er á forræði rétthafa
- 4.2. Rithöfundar hlynntir útgáfu hljóðbóka en ósáttir við sinn hlut
- 4.3 Bókaútgáfa í auknum mæli án aðgreiningar
- 4.4 Skyldur Hljóðbókasafns Íslands eru við prentleturshamlaða
- 4.5 Árlega gerir Hljóðbókasafnið 350–450 titla aðgengilega
- 4.6. Um tíundi hver nemandi með aðgang að HBS
- 4.7 Aðgengi að hljóðbókum tekur m.a. mið af skólastigum
- 4.8 Starfsfólk skóla metur aðgengi nemenda að hljóðbókum erfitt
- 4.9. Greining þarf að vera til staðar til að fá aðgang að HBS
- 4.10 Bæta má tæknilegt aðgengi að fyrirliggjandi efni
- 4.11 89% starfsfólks skóla telja alla nemendur eiga að hafa aðgang
- 4.12 Starfsfólk skóla vill auka aðgengi nemenda að hljóðbókum

Útgáfa hljóðbóka er á forræði rétthafa

Höfundalög heimila takmarkaða útgáfu prentaðra bóka í hljóðbók

Veigamesta hindrun fyrir almennu aðgengi nemenda að hljóðbókum er útgáfuréttur höfunda skv. höfundalögum. Þar sem enn eru ekki allar bækur gefnar út í hljóðbók samhliða prentaðri bók má álykta að eitthvað skorti á að rétthafar hafi efnahagslega hvata til útgáfu hljóðbóka.

Höfundalögin kveða á um einkarétt höfunda á því að ráðstafa verki sínu, þ.m.t. að gera það aðgengilegt almenningi í mismunandi formum, þ.m.t. í hljóðbók. Um þetta segir í 1. mgr., 2. gr. laganna: „Með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir hefur höfundur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að gera það aðgengilegt almenningi í upphaflegri eða breyttri mynd, í þýðingu eða annarri aðlögun, í annarri tegund bókmennta eða lista eða með annarri tækni.“ Það er því á valdi höfundar, eða þeirra sem hann hefur gefið umboð til að fara með rétt sinn, að ákvarða hvort bók er gefin út sem hljóðbók.

Þær takmarkanir sem nefndar eru í byrjun 1. mgr. 2. gr. höfundalaganna komu m.a. til við það að Ísland fullgilti Marrakess-sáttmálann frá 2013 um aðgengi að birtum verkum fyrir blinda, sjónskerta og aðra þá sem eiga erfitt með að lesa prentletur. Sáttmálinn kveður á um undantekningar frá höfundarétti til að auðvelda aðgengi fyrir þennan hóp. Íslensk höfundalög voru uppfærð til að innleiða sáttmálann með lögum nr. 13/2021 um breytingu á höfundalögum.

Með 19. gr. c höfundalaga er stofnunum, sem þjónusta fólk sem á erfitt með að lesa prentletur (svokölluðum „viðurkenndum einingum“, svo sem Hljóðbókasafninu), heimilað að búa til eintök af verkum á aðgengilegu sniði, t.d. sem hljóðbækur, án sérstaks leyfis höfundar.

Undantekningin er eingöngu ætluð fyrir þá sem eiga erfitt með að lesa prentletur og útgáfan má ekki vera í hagnaðarskyni. Það er því ekki heimilt að nýta þessa undanþágu til almennrar útgáfu eða dreifingar til annarra hópa, svo sem til að auðvelda þeim sem hafa annað móðurmál en íslensku. Eins og sjá má í tilvitnuninni á bakgrunnsglæru 2.1 framar í skýrslunni er lestur samhliða hlustun gagnleg fyrir þá sem vilja læra íslensku en hafa annað móðurmál.

Það er því í höndum rithöfundanna sjálfra, eða útgefenda hafi þeim verið veitt umboð til þess, að ákvarða hvort bækur verði gefnar út í hljóðbók. Í könnun sem Rithöfunda-sambandið fékk Zenter til að gera fyrir sig í september 2024 kom fram að það er almennur vilji rithöfunda að bækur þeirra séu gefnar út í hljóðbók. Hins vegar eru þeir ósáttir við þá þóknun sem þeir hafa haft af því (sjá samantekt á næstu síðu).

Því má gera ráð fyrir því að væru efnahagslegir hvatar nægilegir yrðu bækur almennt gefnar út í hljóðbók samhliða prentun þeirra.

Rithöfundar hlynntir útgáfu hljóðbóka en ósáttir við sinn hlut

Rithöfundar hafa lagt áherslu á að tefja útgáfu hljóðbókanna á áskriftarstreymisveitum til að hún dragi ekki úr sölu prentaðra bóka.

Bent er á þörf fyrir aukna samkeppni meðal áskriftarstreymisveitna.

Fáir rithöfundar hafa stóran hluta tekna sinna frá áskriftarstreymisveitum – 74% hafa 0–5% tekna fyrir ritstörf frá áskriftarstreymisveitum.

Unnið úr niðurstöðum könnunar Zenter fyrir Rithöfundasambandið í september 2024	JÁ	NEI
Hefur bók eftir þig verið gefin út hjá Storytel eða öðrum áskriftarveitum?	77%	23%
Ertu sátt/sáttur við þinn hlut af útgáfu raf- og hljóðbóka?	16%	84%
Ertu almennt hlynnt/hlynntur því að bækur séu gefnar út á hljóðbókarformi?	96%	4%
Ertu almennt hlynnt/hlynntur því að bækur séu gefnar út á áskriftarstreymisveitum?	67%	33%
Myndir þú vilja að RSÍ beitti sér fyrir föstu bókaverði fyrsta árið eftir að bók kemur út, sem myndi þýða að bækur færu ekki inn á áskriftarveitur fyrr en að þeim tíma loknum?	79%	21%
Myndir þú vilja að RSÍ beitti sér fyrir setningu bókalaga sem myndu meðal annars styrkja stöðu rithöfunda gagnvart streymisveitum?	98%	2%
RSÍ á ekki beina aðild að samningum FÍBÚT við Storytel, en hefur til þessa reynt að tryggja höfundum hærri tekjur af útgáfu bóka þeirra hjá Storytel með samningaumleitunum í gegnum FÍBÚT. Sérð þú fleiri leiðir fyrir RSÍ til að bæta hlut höfunda er kemur að streymisveitum?	40%	60%
Hefur þú einhvern tíma neitað útgefanda þínum um að gefa bók eftir þig út sem hljóðbók?	22%	78%

Bókaútgáfa í auknum mæli án aðgreiningar

Marrakess-sáttmálinn, sem var samþykktur af Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) árið 2013, miðar að því að bæta aðgengi blindra, sjónskertra og prentleturshamlaðra að höfundaréttarvörðu efni. Sáttmálinn gerir það mögulegt að framleiða og dreifa aðgengilegu efni yfir landamæri án þess að brjóta höfundaréttarlög.

Ísland gerðist aðili að sáttmálanum árið 2021, og aðildin tók formlega gildi árið 2022. Þetta þýðir að stofnanir eins og Hljóðbókasafn Íslands geta nú framleitt og miðlað aðgengilegu efni til þeirra sem þurfa á því að halda, óháð því hvar í heiminum efnið er gefið út.

Sáttmálinn er mikilvægur til að tryggja jafnt aðgengi að menntun og menningu fyrir alla, óháð fötlun.

Því má gera ráð fyrir því að bókaútgáfa verði í auknum mæli með þeim hætti að hún verði öllum aðgengileg, þ.e. hvort heldur lesandinn býr við prentleturshömlun eða ekki. Vísbendingar eru um þessa þróun, þótt hvatarnir hafi fremur verið markaðslegir en til að mæta þörfum prentleturshamlaðra eða með lagaboðum, sbr. lög Evrópusambandsins (sjá texta til hægri).

Alþjóðasamband bókaútgefenda (International Publishers Association, IPA) hefur stutt þessa þróun og rithöfundar á Íslandi hafa verið hlyntir hljóðbókaútgáfu, sbr. samantekt á síðunni hér að framan.

„In an ideal world, all literary works would be available and discoverable to sighted and print disabled readers at the same time and price. Thanks to great strides in collaboration among all in the information chain, from author to reader, and thanks to advances in technology, this may become reality sooner than some may imagine.“

— IPA Secretary General, José Borghino

Úr starfsskýrslu Hljóðbókasafnsins 2024

Útgáfa án aðgreiningar

Lagaumhverfi nánustu framtíðar kallar á aðgerðir meðal útgefenda, ritstjóra, höfunda og dreifingaraðila bóka til að leggja áherslu á útgáfu án aðgreiningar frá grunni. Í þessu sambandi hefur verið talað um að bækur „fæðist“ aðgengilegar. Löggjöf Evrópusambandsins um aðgengi, í víðum skilningi, sem taka á gildi 2025, á þó aðallega við um rafbækur. Enn er ekki alveg ljóst hvaða áhrif þessi breyting muni hafa í för með sér fyrir útgefendur á Íslandi né Hljóðbókasafn Íslands.

Rafbækur hafa ekki náð miklum vinsældum hérlandis og lítil forlög verða undanskilin frá þessum kröfum. Þó er ljóst að útgáfa sem hentar blindum og fólki með prentleturshömlun felur í sér tækifæri til að stækka lesendahópin. Lesvenjur eru einnig að breytast og bókamarkaðurinn þarf að laga sig að þeim breytingum.

Útgáfa án aðgreiningar frá fyrstu hendi er mikil réttarbót og nauðsynlegt er fyrir útgefendur að kynna sér hvernig best megi undirbúa sig undir löggjöfina.

Skyldur Hljóðbókasafns Íslands eru við prentleturshamlaða

Í viðtölum og opnum svörum þátttakenda í könnun ARCUR á meðal starfsfólks skóla var ítrekað vísað til þess að ákjósanlegt væri að nýta efni HBS í þágu fleiri en þeirra sem hafa prentleturshömlun. Núgildandi lög um safnið heimila það hins vegar ekki.

Hljóðbókasafnið (HBS) er í eigu ríkisins og greiðist kostnaður vegna starfseminnar skv. fjárlögum úr ríkissjóði.

HBS starfar eftir bókasafnalögum, nr. 150/2012. Hlutverk þess er tilgreint í lögunum en nánar útfært í reglugerð nr. 939/2013. Í 2. gr. reglugerðarinnar segir:

„Hlutverk Hljóðbókasafns Íslands er að sjá þeim sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt fyrir bókasafnsþjónustu með miðlun á fjölbreyttu safnefni. Hér getur m.a. verið um að ræða blinda, sjónskerta, lesblinda o.fl. Sérstök áhersla skal lögð á námsþjónustu.“

Í reglugerðinni segir enn fremur að safnið annist „framleiðslu, útgáfu og dreifingu á safnefni, þar á meðal námsgögnum“ og leggi „sérstaka áherslu á þjónustu við námsmenn, meðal annars með framleiðslu námsefnis og einstaklingsbundinni þjónustu. Í þeim tilgangi skal safnið efna til samstarfs við þá sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis og þá sem starfa að málefnum blindra og sjónskertra og annarra hópa fatlaðra sem njóta þjónustu safnsins“.

Í höfundaréttarlögum eru ákvæði um heimildir safnsins til nýtingar efnis fyrir þá sem skilgreindir eru í lögum um safnið (sjá 19. gr.). Nýti HBS sér heimild til að gefa út hljóðbók skal höfundur eiga kröfu til bóta nema í þeim tilvikum að tjón höfundar sé „óverulegt“. Þá segir í 2. mgr. 19. gr. d:

„Ekki kemur til bótagreiðslna ef viðurkennd eining með staðfestu á Íslandi gerir eintak af verki eða öðru efni sem hún hefur lögmætan aðgang að eða miðlar slíku eintaki, gerir það aðgengilegt, dreifir því eða lánar, með punktalettri eða á öðru aðgengilegu formi sem eingöngu einstaklingar með sjón- eða lestrarhömlun nýta sér.“

HBS er viðurkennd eining í skilningi laganna og hefur sett sér starfsreglur sem ráðuneytið hefur staðfest (september 2021).

Í samræmi við 5. gr. starfsreglanna hafa HBS og Rithöfundasamband Íslands (RSÍ) gert með sér samning um bótagreiðslur til rithöfunda. Gildandi samningur var undirritaður í september 2022.

Það verður þó ekki séð að slíkur samningur um greiðslu bóta hafi verið nauðsynlegur vegna undanþágunnar í 2. mgr. 19. gr. d, a.m.k. hafi hann ekki átt að leiða til greiðslna.

5. gr. samningsins varðar greiðslur fyrir eintakagerð, dreifingu og miðlun. Um greiðslur fyrir dreifingu og miðlun fer skv. lögum um bókmenntir, nr. 91/2007, en fyrir eintakagerðina skulu greiddar 39 þ.kr., sem verðbætt er með launavísitölu í janúar ár hvert.

Í starfsskýrslu HBS fyrir árið 2024 kemur fram að bótagreiðslur til rithöfunda námu það ár 11,2 m.kr. en auk þess greiddi safnið um 2,9 m.kr. til RSÍ fyrir umsýslu við að dreifa greiðslunum til höfunda, sem er í samræmi við grein 6.2 í samningnum.

Árlega gerir Hljóðbókasafnið 350–450 titla aðgengilega

Ekki virk samskipti HBS og MMS um efnisval eða framleiðslu

Við val á efni hefur safnið leitast við að endurspegla íslenskan bókamarkað og gera eins mikið af íslensku efni aðgengilegt og mögulegt er. Starfsfólk heldur sérstaka bókvalsfundi þar sem farið er yfir það sem er að koma út, óskir frá lánþegum og skólum varðandi námsefni.


Hljóðbókasafnið hefur lagt áherslu á að kaupa hljóðrit af útgefendum að því gefnu að þau komi út tímanlega og helst á sama tíma og prentaða eintakið. Fram að þessu hefur ekki komið til þess að safnið hafi samið um aðgang að hljóðritun streymisveitna á borð við Storytel, m.a. vegna þess hve seint efni kemur þar út.

Í 4. gr. reglugerðar um safnið, nr. 939/2013, kemur eftirfarandi fram:

„Safnið leggur sérstaka áherslu á þjónustu við námsmenn, meðal annars með framleiðslu námsefnis og einstaklingsbundinni þjónustu. **Í þeim tilgangi skal safnið efna til samstarfs við þá sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis** og þá sem starfa að málefnum blindra og sjónskertra og annarra hópa fatlaðra sem njóta þjónustu safnsins.“

Safnið hefur ekki átt virk samskipti um efnisval og/eða framleiðslu við MMS.

Bækur gerðar aðgengilegar hjá HBS



Um tíundi hver nemandi með aðgang að HBS

Hljóðritun bóka með talgervlum gefur möguleika á hraðari útgáfu og lestri samhliða hlustun

Samkvæmt upplýsingum frá Hljóðbókasafninu voru lánþegar þar á árinu 2024 alls 17.544. Af þeim voru 8.286 18 ára og yngri, flestir á grunnskólaaldri, en hlutfallslega flestir á framhaldsskólaaldri.

Fjöldi nemenda í leikskólum árið 2023 var 19.395, í grunnskólum voru 47.197 og 12.952 voru 18 ára og yngri í framhaldsskólum. Samtals voru því nemendur á aldrinum 0–18 ára 79.544 á árinu 2023. Það ár höfðu um 9% nemenda 18 ára og yngri aðgang að safninu.

Árið 2024 bættust 376 titlar við bókasafn HBS og standa lánþegum nú um 12.000 bókartitlar til boða. Af þeim 376 titlum sem bættust við árið 2024 voru 295 bækur lesnar inn og safnið keypti 50 hljóðrit af útgefendum.

Frá árinu 2019 hafa ríflega 2.500 bækur verið gerðar aðgengilegar á safninu, þar af tæplega 90 námsbækur. Á hverju ári voru 365–480 bækur gerðar aðgengilegar, þar af 8–25 námsbækur.

Hljóðbókasafnið hefur í auknum mæli keypt á markaði rétt til dreifingar hljóðritaðra bóka. Meiri hluti bókanna er hins vegar framleiddur á vegum safnsins. Þá hefur safnið um árabíl unnið að því að hagnýta talgervla við hljóðritun bóka. Í ársskýrslu 2024 kemur t.a.m. fram að safnið, í samstarfi við Grammatek, hafi hljóðritað sína fyrstu bók með talgervli á árinu. Fram kemur að bókin sé „hljóðbók með texta og full virkni bókarinnar næst með því að fylgjast með textanum meðan hlustað er“.

Að jafnaði síðustu þrjú árin voru útlán safnsins 345.469 en árið 2024 voru útlán 346.242 talsins.

Fjöldi lánþega	2024	2023	2022	2021	2020
0-5 ára	8	3	0	0	0
6-15 ára	4.962	3.825	2.723	1.834	1.064
16-18 ára	3.316	3.027	3.534	2.957	1.767
Samtals	8.286	6.855	6.257	4.791	2.831
Lánþegar alls	17.544	16.720	16.911	15.455	12.868
Hlutfall 0-18 ára	47%	41%	37%	31%	22%

Skólastig	Nemendur 2023	Hlf. með aðgang 2023
Leikskóli	19.395	0%
Grunnskóli	47.197	8%
Framhaldsskóli	12.952	23%
Samtals	79.544	9%

Þjónustuástæða virkra lánþega í árslok 2024		
Lesblinda	10.783	61%
Aðrar greiningar	5.092	29%
Sjónskerðing/blinda	1669	10%
Lánþegar alls	17.544	100%

Heimild: Ársskýrslur HBS, samtöl og tölvupóstar. Tölur um leik- og grunnskóla eru sóttar í Árbók sveitarfélaga 2024 en tölur um framhaldsskóla af vef Hagstofunnar.

Aðgengi að hljóðbókum tekur m.a. mið af skólastigum

Útgáfa hljóðbóka hefur aukist verulega frá árinu 2018 og gera má ráð fyrir að bækur verði í auknum mæli gefnar út sem hljóðbækur samhliða prentletursútgáfu.


Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) hefur framleitt efni fyrir grunnskóla en hefur ekki haft þeim skyldum að gegna gagnvart leikskóla- eða framhaldsskólanemendum.

Aðgengi nemenda að hljóðbókum, hvort heldur það er námsefni eða yndislesefni, fer að nokkru eftir aldri nemendanna. Grunnskólanemendur hafa aðgang að nokkru námsefni á vef MMS. Aðgangur fyrir nemendur leik- og framhaldsskóla mun að líkindum aukast verði frumvarp mennta- og barnamálaráðherra um námsgagnaútgáfu að lögum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að allt námsefni verði gjaldfrjálst nemendum til og með 18 ára aldurs.

Nokkurt efni hljóðbóka er á öðrum vefsíðum og/eða streymisveitum á borð við Storytel. Þar er umtalsvert framboð af bókum til yndislesturs, en minna af námsefni.

Fyrir þann hóp sem aðgang hefur að HBS má finna umtalsvert magn efnis, bæði námsefni sem og efni til yndislesturs. Safnið telur nú um 12.000 titla.

Allir nemendur geta hins vegar fengið aðgang að Rafbókasafninu án endurgjalds, en þar eru talsvert færri titlar í boði.



Starfsfólk skóla metur aðgengi nemenda að hljóðbókum erfitt

Aðgangur erfiðari að hljóðbókum í stærðfræði, sérkennslu, list- og verknámsgreinum

Í könnun ARCUR á meðal starfsfólks skóla skiptist nánast til helminga afstaða til þess hvernig aðgengi væri að hljóðbókum, þ.e. þeir sem sögðu það gott og þeir sem sögðu að erfitt væri að útvega aðgang. Einkunnir ofan við súlurnar gefa til kynna að þátttakendur mátu aðgengið ekki auðvelt (allar einkunnir undir 3,0).

Þá var nefnt í opnum spurningum að erfitt væri að nálgast námsefni fyrir stærðfræði, sérkennslu, list- og verknámsgreinar.

Skýring á tölum fyrir ofan súlur:

Tölurnar fyrir ofan hverja súlu eru einkunnir sem gefa til kynna hvort afstaða sé frekar neikvæð eða frekar jákvæð. Ef einkunn er 1,0 eru öll svör mjög neikvæð, ef hún er 3,0 er það hlutlaus afstaða og ef hún er 5,0 eru öll svör mjög jákvæð.


Einkunnirnar eru venjulega eins og í dæmunum hér að neðan, A og B. Í dæmi A eru 20% mjög neikvæðir, 25% neikvæðir, 25% hlutlausir, 15% jákvæðir og 15% mjög jákvæðir. Þegar hlutföllin eru margfölduð með einkunnum frá 1 til 5 fæst vegna meðaltalið 2,8 sem birtist ofan við súlurnar.

Hlutföllin í súlunum sýna hlutfall þeirra sem svara neikvætt, hvorki né eða jákvætt.

Einkunn	1	2	3	4	5	Niðurstaða
Hlutfall svara A:	20%	25%	25%	15%	15%	2,80
Hlutfall svara B:	5%	15%	10%	55%	15%	3,60

Skali -> Mjög neikvæðir Neikvæðir Hvorki né Jákvæðir Mjög jákvæðir

Hvernig er aðgengi nemenda að hljóðbókum eftir námsgreinum?



Greining þarf að vera til staðar til að fá aðgang að HBS

Kynna þarf betur möguleika til aðgengis og auka hraða í útgáfu hljóðbóka

Í könnun ARCUR meðal starfsfólks skólanna kom fram að fæstir telja að aðgangur nemenda að hljóðbókum sé fullnægjandi.

Flestir telja að útgáfa námsefnis í hljóðbók taki of langan tíma.


Bæta má upplýsingar til kennara og nemenda um þá möguleika sem eru til staðar.

Nemendur sem hafa íslensku ekki sem móðurmál eiga erfitt með að nýta sér hljóðbækur á íslensku.

Forsenda aðgengis að HBS er að nemendur hafi greiningu eða að sérkennarar hafi óskað eftir aðgengi fyrir nemendur.

85% þátttakenda telja að ástæða þess að nemendur geti ekki nýtt sér hljóðbækur sé að nemendur hafi ekki þá greiningu sem til þarf til að fá aðgang að HBS.

Hvaða ástæður telur þú að kunni að koma í veg fyrir að nemendur nýti sér hljóðbækur sem þeir hafa aðgang að?



Bæta má tæknilegt aðgengi að fyrirliggjandi efni

Um 87% nemenda í 4.–7. bekk eiga farsíma og nær allir framhaldsskólanemendur


Það efni sem er til staðar á vefsvæði MMS má gera aðgengilegra fyrir nemendur til notkunar í farsímum í stað þess að aðgangurinn sé í gegnum Ísland.is.

Langflestir nemendur frá 4. bekk grunnskóla og eldri eiga farsíma. Tölvueign er hins vegar ekki almenn fyrr en í framhaldsskóla.

Á island.is má nálgast heimasíðu MMS þar sem námsefni er að finna. Seint verður sagt að það sé aðgengilegt því þegar nemandi hefur fundið heimasíðu MMS „skrollar“ hann niður á „Námsefni“, þar velur hann „Nánar um námsefni“, þá er valið „Útgefið námsefni“ og þá opnast leitarsíða þar sem hann getur leitað að því efni sem hann vill skoða. Þessa leit getur nemandi framkvæmt hvort heldur hann vill á tölvu, spjaldtölvu eða í síma. Hún er hins vegar talsvert aðgengilegri í tölvu en síma.

Í 1. hluta rannsóknar Ingibjargar Kjartansdóttur, fyrir Fjölmíðlanefnd og Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, var tækjæign nemenda könnuð. Kannaður var aðgangur að tækjum og tækjæign nemenda á farsímum, spjaldtölvum, sjónvörpum, snjallúrum, leikjatölvum og tölvum/fartölvum. Myndin hér til hægri sýnir niðurstöður fyrir farsíma, spjaldtölvu og tölvu/fartölvu. Þar má sjá að mikill meiri hluti nemenda á farsíma en tölvueign eykst með aldri.

Áttu eitthvað af þessu heima?



89% starfsfólks skóla telja alla nemendur eiga að hafa aðgang


Starfsfólk telur mikilvægt að nemendur geti fylgst með texta samhliða upplestri

Svör þátttakenda í könnuninni benda eindregið til vilja starfsfólks skóla í þá veru að auka eigi aðgang nemenda að hljóðbókum og fáir eru þeirrar skoðunar að takmarka eigi aðgang nemenda að þeim.

Um 91% þátttakenda telur að nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eigi að hafa aðgang að hljóðbókum og nær enginn telur að takmarka ætti aðgang nemenda með íslensku sem móðurmál að námsefni í hljóðbókum.

Það er mat þátttakenda að starfsfólk skóla og þau sjálf hvetji nemendur til að nýta sér þær hljóðbækur sem þeim standa til boða.

Afstaða starfsfólks til nokkurra fullyrðinga um hljóðbækur




Starfsfólk skóla vill auka aðgengi nemenda að hljóðbókum

Það er afdráttarlaus skoðun starfsfólks skóla, sem tóku þátt í könnun ARCUR, að flestir nemendur hefðu gagn af því að hafa aðgang að námsefni á hljóðbókarformi og því má ætla að í dag hafi of fáir þann aðgang.


Samanburður súluritanna hér til hliðar sýnir að í um 48% tilvika telur starfsfólk að innan við 10% nemenda hafi aðgang að námsefni á hljóðbók og um 83% telja að aðgengið nái til 25% af nemendum eða færri.

Um 54% starfsfólks telja að aðgangur geti gagnast meira en helmingi allra nemenda (50–100%).

Hversu hátt hlutfall nemenda þinna hefur aðgang að námsefni á hljóðbókarformi?



Hversu hátt hlutfall nemenda telur þú að hefði gagn af því að hafa aðgang að námsefni á hljóðbókarformi?



Tillögur og ábendingar

Tillögur og ábendingar

Meðfylgjandi eru tillögur og/eða ábendingar um möguleika til að bæta aðgengi að hljóðbókum. Fyrsta tillagan er sett fram þannig að takmörkun á því hverjir muni njóta aukins aðgangs er mismikil. Tillaga 1a gengur lengst og aðgengi yrði án takmarkana. Tillaga 1b takmarkar aukið aðgengi við nemendur. Tillaga 1c myndi auka aðgengi þeirra sem eru að læra íslensku en hafa annað móðurmál.

1a

Opinber stuðningur við bókaútgáfu verði skilyrtur því að útgáfan verði án aðgreiningar, þ.m.t. endurgreiðsla kostnaðar til bókaútfenda við bókaútgáfu.

Útgáfa án aðgreiningar felur í sér að efni, eins og bækur, námskeið og námstengt efni, verði aðgengilegt fyrir alla, óháð fötlun, fjölbreyttum tungumála- og menningarlegum bakgrunni eða öðrum þáttum sem hafa áhrif á óheftan aðgang að útgefnum bókum. Efnið verður því hannað og framleitt með það í huga allir geti hagnýtt sér það þegar það er gefið út. Í þessu felst m.a. að prentaðar og hljóðritaðar bækur eru aðgengilegar á sama tíma.

Bókaútfendur geta sótt um endurgreiðslu 25% útgáfukostnaðar bóka, þ.m.t. af kostnaði við hljóðritun og -vinnslu. Árið 2024 voru greiddar 154 m.kr. vegna 325 bóka sem sótt var um endurgreiðslu á hljóðritunarkostnaði fyrir. Samkvæmt því er kostnaður við að hljóðrita hverja bók um 475 þ.kr.

Frá árinu 2018 hafa að jafnaði verið gefnar út um 950 prentaðar bækur á ári (sjá talnaefni frá Landsbókasafninu). Í hljóðbók komu út um 430 hljóðbækur á ári, sem samsvarar um 45% af prentuðum bókum.

Ef allar bækur yrðu gefnar út í hljóðbók samhliða prentun þeirra má gera ráð fyrir því að aukningin nemi mismuninum, verði um 520 bækur á ári.

Áætlaður kostnaður við hljóðritun bókar er um 475 þ.kr. og því má gera ráð fyrir því að kostnaðaraukinn við hljóðritun allra bóka verði um 247 m.kr. á ári.

Hér er ekki tekið tillit til þess að aukið aðgengi hefur að jafnaði jákvæð áhrif á eftirspurn og gera má ráð fyrir því að markaðurinn muni kalla á aukna framleiðslu hljóðbóka. Hér er ekki heldur tekið tillit til aukins kostnaðar sem mögulega verður vegna aukinna bókaútlána almenningsbókasafna. Þá er ekki tekið tillit til þess að útgjöld Hljóðbókasafnsins ættu að lækka við þetta, en þau voru um 183 m.kr. árið 2024.

Tillagan felur ekki í sér að aðgangur að hljóðbókum verði gjaldfrjáls eða aðgengilegri á annan hátt en prentaðar bækur. Bókaútfendur geta verðlagt hljóðbókina eins og áður, og almenningsbókasöfn fengju aðgang eins og þau hafa að prentuðum eintökum. Þannig væri aðgengi að hljóðbókum eins og aðgengi að prentuðum bókum.

Tillögur og ábendingar

1b

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) verði veitt heimild til hljóðritunar bóka, nýtist þær til kennslu. MMS fái í þeim tilgangi einnig heimild til að nýta efni sem HBS hefur framleitt.

Í könnun ARCUR kom fram að um 89% starfsfólks skóla telja að nemendur ættu að hafa óheftan aðgang að hljóðbókum og 79% töldu að mikilvægt væri að nemendur gætu fylgst með texta samhliða upplestri.

Tillagan felur í sér að bækur sem eingöngu hafa verið gefnar út á prentletri verði gerðar aðgengilegar í hljóðbók fyrir nemendur. Þetta yrði eingöngu heimilt í þeim tilvikum. MMS hafi milligöngu um það að efnið verði framleitt. Framleiðslan verði þá í samráði við HBS, þannig að hún nýtist báðum aðilum.

Kostnaður við þessa framkvæmd yrði umtalsvert minni en ef gengið yrði alla leið í útgáfu bóka án aðgreiningar, því aukningin myndi takmarkast við þær bækur sem nýttar eru í kennslu. Kostnaðaraukinn tekur því mið af fjölda þeirra bóka sem hljóðritaður væri.

Auk þess má gera ráð fyrir því að greiða þurfi höfundum fyrir að nýta bókina í kennslu. Sá kostnaður ætti þó ekki að vera meiri en almennt gerist þegar útgefnar bækur eru nýttar sem kennsluefni. Þá er rétt að hafa í huga að nú þegar kunna að vera til staðar útgáfur á vegum HBS sem nýst geta til kennslunnar, sem þá myndi draga úr kostnaði við framleiðsluna.

1c

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) fái heimild til hljóðritunar bóka, sem nýtast íslenskunámi nemenda með annað móðurmál en íslensku. MMS fái í þeim tilgangi einnig heimild til að nýta efni sem HBS hefur framleitt.

Í könnun ARCUR kom fram að 91% starfsfólks skóla taldi að allir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn ættu að hafa aðgang að hljóðbókum.

Þessi tillaga takmarkar þann hóp sem fengi aðgang að því efni HBS sem MMS velur til aðgengis fyrir nemendur við íslenskunám þeirra sem hafa íslensku sem annað tungumál. Það myndi gera þessum nemendum kleift að hlusta á efnið lesið samhliða því að lesa það, en lestur samhliða hlustun bókar getur auðveldað nemendum tungumálanám.

Tillögur og ábendingar

2 Beina mætti fjárhagslegum stuðningi við þróun námsefnis í auknum mæli í þróun tækni til á að auka skilvirkni í útgáfu hljóðbóka.

Jafnframt ætti að leggja áherslu á það við gerð námsefnis að það verði aðgengilegt án aðgreiningar, þ.e. að það verði samhliða gefið út í prentaðri útgáfu og hljóðbók. Þannig fengist geta til að mæta ábendingum sem komu fram meðal starfsfólks skóla um að hraða þyrfti hljóðbókaútgáfu.

Það er ekki ólíklegt að kröfur á MMS um útvegum hljóðritaðs námsefnis aukist verði frumvarp um gjaldfrjálsan aðgang að öllu námsefni barna að lögum. Líklegt er að breyttar „lestrarvenjur“ leiði til breyttra námsaðferða og að kröfur til námsefnis auki álag á framleiðslu efnis hjá MMS.

Það er því mikilvægt að getan til að mæta þessum breytingum verði bætt með því að gera útgáfuna skilvirkari.

3 Lagt er til að tæknilegt viðmót opinberra aðila verði bætt og samræmt í appi til að auðvelda aðgengi og hagræða í rekstri.

Aðgangur að námsefni í hljóðbókum þykir flókin og efni MMS er aðgengilegt á vefsíðu Ísland.is en ekki í smáforriti (appi) eins og efni Rafbókasafnsins. Í könnun ARCUR komu m.a. fram ábendingar um þetta frá starfsfólki skóla.

Kanna mætti hvort samræma og samreka megi aðgengi að hljóðbókum hjá Hljóðbókasafninu, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og Rafbókasafninu, með nýtingu sameiginlegs smáforrits (apps).

4 Lagt er til að formlegu samráðsferli verði komið á milli opinberra aðila sem koma að hljóðbókaútgáfu fyrir nemendur (og mögulega annarra) til að tryggja markvisst og skilvirkt starf undir forystu MMS.

Í samskiptum ARCUR við aðila kom fram að ekki er virkt samstarf milli opinberra aðila sem þjóna nemendum í leik-, grunn- og framhaldsskólum með beinum eða óbeinum hætti. Þannig getur HBS gefið út námsbók án vitundar MMS og öfugt.

Tillögur og ábendingar

5

Bæta þarf upplýsingar til kennara og nemenda um hvernig nálgast megi hljóðbækur og forsendur fyrir aðgengi.


Í könnun ARCUR meðal starfsfólks skóla kom fram að þátttakendur í henni telja að hvorki nemendur né kennarar séu nægilega upplýstir um þá möguleika sem til staðar eru í aðgengi að hljóðbókum (sjá myndir). Þá kom fram í samtölum ráðgjafa og í opnum svörum við könnuninni að óvissa var um forsendur (greiningar) þess að nemandi fengi aðgang að efni Hljóðbókasafnsins.

6

Lagt er til að styrkir og framlög til námsgagnagerðar og skólaþróunar verði samræmd og felld undir umsýslu og ákvarðanatöku MMS.


Með því móti fengist betri yfirsýn yfir þá fjármuni sem ætlaðir eru til að þróa skólastarf á öllum stigum. Markmiðið með þessari aðgerð er að auka skilvirkni fjárveitinga og styðja frekar við að mörkuð stefna og markmið stjórnvalda nái fram að ganga.

Nemendur eru ekki upplýstir um þá möguleika sem eru til staðar



■ (Mjög) Sammála ■ Hvorki né ■ (Mjög) ósammála

Kennarar eru ekki upplýstir um þá möguleika sem eru til staðar



Viðauki: Bakgrunnur þátttakenda í könnun

Könnun var gerð meðal starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla og var markmið hennar að kalla eftir viðhorfum þátttakenda til aðgengis nemenda að hljóðbókum.

Við gerð spurningalistans var leitað álits og tekið tillit til ábendinga frá fulltrúum ráðuneyta og sérfræðinga úr skólaumhverfinu.

Könnunin var send 73 skólastjórnendum, sem beðnir voru um að áframsenda tengil á starfsfólk.

Alls bárust 307 svör.

Spurningar í könnun á meðal starfsfólks skóla

Könnun þessi er ætluð starfsfólki skóla í völdum leik-, grunn- og framhaldsskólum (slembival). Markmið hennar er að afla upplýsinga um hvort og þá hvernig aukið aðgengi nemenda að hljóðbókum í námi og til yndislesturs, geti gagnast þeim.

Könnunin er liður í úttekt sem unnin er af ARCUR ráðgjöf fyrir hönd mennta- og barnamálaráðuneytisins annars vegar og hins vegar menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins. Fjallað er um úttektina á heimasíðu stjórnarráðsins (sjá: [Fréttatilkynning](#)).

Við hvetjum þig til að vera opin(n) og einlæg(ur) í svörum þínum. Þessi könnun er nafnlaus og svör órekjanleg til einstaka skóla og þátttakenda. Framkvæmd könnunarinnar er í höndum ARCUR og [hér](#) má kynna sér persónuverndarstefnu ARCUR. Það tekur u.þ.b 6-8 mínútur að svara könnuninni. Svarfrestur er til 7. apríl 2025.

Við þökkum þér fyrirfram fyrir þinn tíma og þátttöku.

1. Í hvaða landshluta er skólinn sem þú starfar við staðsettur?

- ☐ Höfuðborgarsvæðið
- ☐ Suðurnes
- ☐ Vesturland
- ☐ Vestfirðir
- ☐ Norðurland vestra
- ☐ Norðurland eystra
- ☐ Austurland
- ☐ Suðurland

2. Hversu margir nemendur eru í þeim skóla sem þú starfar við

- ☐ Færri en 50
- ☐ 50-100 nemendur
- ☐ 100-200 nemendur
- ☐ 200-400 nemendur
- ☐ 400-600 nemendur
- ☐ Fleiri en 600 nemendur

3. Hversu hátt hlutfall nemenda þinna er með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn?

- ☐ Innan við 10%
- ☐ Um 10%-25% nemenda eru af erlendu bergi brotnir
- ☐ Um 25-35% nemenda eru af erlendu bergi brotnir
- ☐ Allt að 50% nemenda eru af erlendu bergi brotnir
- ☐ Veit ekki/vil ekki svara

4. Hvert er hlutverk þitt í skólanum?

- ☐ Stjórnandi
- ☐ Kennari
- ☐ Sérkennari
- ☐ Námsráðgjafi
- ☐ Stuðningsfulltrúi
- ☐ Skólaliði
- ☐ Annað

5. Hvaða aldurshópi kennir þú (merktu við allt sem við á)?

- ☐ Nemendum á leikskólaaldri
- ☐ 1. - 4. bekk
- ☐ 5. - 7. bekk
- ☐ 8. - 10. bekk
- ☐ Nemendum í framhaldsskóla
- ☐ Á ekki við/vil ekki svara

6. Hversu lengi hefur þú starfað að skólamálum?

- ☐ Minna en 5 ár
- ☐ Í 5 til 10 ár
- ☐ Í 10 til 20 ár
- ☐ Meira en 20 ár

7. Hversu hátt hlutfall þeirra nemenda þinna hefur aðgang að námsefni á hljóðbókarformi?

- ☐ 0-10%
- ☐ 10-25%
- ☐ 25-50%
- ☐ 50-75%
- ☐ 75-100%

8. Hversu hátt hlutfall nemenda telur þú **að hefði gagn af því að hafa aðgang** að námsefni á hljóðbókarformi?

- ☐ 0-10%
- ☐ 10-25%
- ☐ 25-50%
- ☐ 50-75%
- ☐ 75-100%



9. Hvernig er aðgengi nemenda að hljóðbókum eftir námsgreinum?

	Mjög erfitt að útvega aðgang	Erfitt að útvega aðgang	Hvorki auðvelt, né erfitt að útvega aðgang	Auðvelt að útvega aðgang	Mjög auðvelt að útvega aðgang	Veit ekki/vil ekki svara
Námsefni í stærðfræði	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Námsefni í samfélagsfræði	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Námsefni í íslensku	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Námsefni í tungumálakennslu	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Efni til yndislesturs	☐	☐	☐	☐	☐	☐

Viljirðu bæta einhverju við geturðu skrifað það í reitinn hér að neðan.



10. Hvaða ástæður telur þú að kunni að koma í veg fyrir að nemendur nýti sér hljóðbækur sem þeir hafa aðgang að?

	Mjög ósammála	Ósammála	Hvorki sammála, né ósammála	Sammála	Mjög sammála	Veit ekki/vil ekki svara
Kennarar eru ekki upplýstir um þá möguleika sem eru til staðar	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Nemendur eru ekki upplýstir um þá möguleika sem eru til staðar	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Nemendur eiga erfitt með að nýta hljóðbækur á íslensku vegna annars móðurmáls	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Aðgangur er of kostnaðarsamur til að hann geti nýst öllum sem hann þurfa	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Skortur á tæknilegri kunnáttu nemenda	☐	☐	☐	☐	☐	☐

Framhald

10. Hvaða ástæður telur þú að kunni að koma í veg fyrir að nemendur nýti sér hljóðbækur sem þeir hafa aðgang að?

	Mjög ósammála	Ósammála	Hvorki sammála, né ósammála	Sammála	Mjög sammála	Veit ekki/vil ekki svara
Nemandi hefur ekki greiningu sem gefur honum kost á að nýta sér námsefni/efni til yndislesturs á Hljóðbókasafninu	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Útgáfa námsefnis í hljóðbókum tekur of langan tíma	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Ég tel að aðgangur nemenda sé fullnægjandi	☐	☐	☐	☐	☐	☐

Viljirðu bæta einhverju við geturðu skrifað það í reitinn hér að neðan.

11. Hér að neðan eru nokkrar fullyrðingar sem við biðjum þig um að taka afstöðu til og merkja við.

	Mjög ósammála	Ósammála	Hvorki sammála, né ósammála	Sammála	Mjög sammála	Veit ekki/vil ekki svara
Starfsfólk skólans hvetur nemendur til að nýta sér þær hljóðbækur sem þeim stendur til boða	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Ég hvet nemendur til að nýta sér hljóðbækur, standi þær þeim til boða	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Ég tel að allir nemendur ættu að hafa óheftan aðgang að hljóðbókum, bæði til náms og yndislesturs	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Ég tel að allir nemendur af með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og ættu að hafa aðgang að hljóðbókum	☐	☐	☐	☐	☐	☐

Framhald

11. Hér að neðan eru nokkrar fullyrðingar sem við biðjum þig um að taka afstöðu til og merkja við.

	Mjög ósammála	Ósammála	Hvorki sammála, né ósammála	Sammála	Mjög sammála	Veit ekki/vil ekki svara
Ég tel að takmarka ætti aðgang nemenda með íslensku sem móðurmál að námsefni að hljóðbókum	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Ég tel mikilvægt að nemendur fylgist með texta samhliða upplestri, eigi hann möguleika á því	☐	☐	☐	☐	☐	☐

Viljirðu bæta einhverju við geturðu skrifað það í reitinn hér að neðan.

11. Hér að neðan eru nokkrar fullyrðingar sem við biðjum þig um að taka afstöðu til og merkja við.

	Mjög ósammála	Ósammála	Hvorki sammála, né ósammála	Sammála	Mjög sammála	Veit ekki/vil ekki svara
Starfsfólk skólans hvetur nemendur til að nýta sér þær hljóðbækur sem þeim stendur til boða	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Ég hvet nemendur til að nýta sér hljóðbækur, standi þær þeim til boða	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Ég tel að allir nemendur ættu að hafa óheftan aðgang að hljóðbókum, bæði til náms og yndislesturs	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Ég tel að allir nemendur af með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og ættu að hafa aðgang að hljóðbókum	☐	☐	☐	☐	☐	☐

Framhald

11. Hér að neðan eru nokkrar fullyrðingar sem við biðjum þig um að taka afstöðu til og merkja við.

	Mjög ósammála	Ósammála	Hvorki sammála, né ósammála	Sammála	Mjög sammála	Veit ekki/vil ekki svara
Ég tel að takmarka ætti aðgang nemenda með íslensku sem móðurmál að námsefni að hljóðbókum	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Ég tel mikilvægt að nemendur fylgist með texta samhliða upplestri, eigi hann möguleika á því	☐	☐	☐	☐	☐	☐

Viljirðu bæta einhverju við geturðu skrifað það í reitinn hér að neðan.

12. Í reitinn hér að neðan getur þú sett þær ábendingar sem þú vilt koma á framfæri varðandi möguleika til að nýta hljóðbækur í námi. Hafir þú hugmyndir um hvernig auka mætti aðgengi að þeim máttu gjarnan setja þær fram hér.

Mikil starfsreynsla meðal þátttakenda

Framkvæmd könnunarinnar var með þeim hætti að skólastjórnendum í völdum leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum var sendur tengill á könnunina í netpósti.

Farið var fram á að skólastjórnendur sendu tengilinn til starfsfólks skólans með beiðni um þátttöku þess.

Alls var 73 stjórnendum sendur pósturinn og bárust 307 svör sem hér er unnið úr.


Könnuninni var fyrst og fremst ætlað að kalla fram sjónarmið starfsfólks skólanna, bæði með afstöðu til þeirra spurninga sem lagðar voru fram en einnig var þeim gefinn kostur á að lýsa skoðunum sínum í opnum spurningum.

Á myndunum hér til hægri má annars vegar sjá hvernig svörun skiptist á landshluta og hins vegar eftir starfsreynslu þátttakenda.


Það vekur athygli á mynd 1 hve lítil þátttaka var í könnuninni meðal starfsfólks skóla á Suðurnesjum. Einungis 2,6% þátttakenda í könnunin starfa á Suðurnesjum en 7,6% landsmanna búa þar.

Þá má sjá á mynd 2 að þátttakendur hafa almennt mikla starfsreynslu sbr. að tæp 69% hafa starfað lengur en í 10 ár að skólamálum.

1 Í hvaða landshluta er skólinn sem þú starfar við staðsettur?



2 Hversu lengi hefur þú starfað að skólamálum?




15% af nemenda með fjölbreyttan bakgrunn*

Mynd 1 sýnir hlutfallslega skiptingu þátttakenda eftir stærð skólanna. Ríflega 52% starfa við skóla með fleiri en 600 nemendur, en rúm 15% við skóla með 200 nemendur eða færri.


Mynd 2 sýnir hvernig hlutfallsleg skipting þátttakenda er eftir því hversu hátt hlutfall nemendanna hefur fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þar má sjá að flestir starfa við skóla þar sem þeir telja að 10–25% nemenda hafi slíkan bakgrunn og 23% með 25–35% nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Til hliðsjónar er myndin í rammanum. Hún sýnir hlutfall landsmanna sem fæddir eru á Íslandi. Þar má sjá að hlutfallið fer lækkandi eftir aldri, hæst er það 94% meðal 0–4 ára og lægst er það 84% fyrir 15–19 ára nemendur.

1 Hversu margir nemendur eru í þeim skóla sem þú starfar við?



2 Hversu hátt hlutfall nemenda þinna er með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn?




Góð þátttaka starfsfólks framhaldsskóla

Mynd 1 sýnir hlutfallslega skiptingu þátttakenda eftir stærð skólanna. Ríflega 52% starfa við skóla með fleiri en 600 nemendur, en rúm 15% við skóla með 200 nemendur eða færri.


Mynd 2 sýnir hvernig hlutfallsleg skipting þátttakenda er eftir því hversu hátt hlutfall nemendanna hefur fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þar má sjá að flestir starfa við skóla þar sem þeir telja að 10–25% nemenda hafi slíkan bakgrunn og 23% með 25–35% nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Til hliðsjónar er myndin í rammanum. Hún sýnir hlutfall landsmanna sem fæddir eru á Íslandi. Þar má sjá að hlutfallið fer lækkandi eftir aldri, hæst er það 94% meðal 0–4 ára og lægst er það 84% fyrir 15–19 ára nemendur.

1 Hvert er hlutverk þitt í skólanum?



2 Hvaða aldurshópi kennir þú (merktu við allt sem við á)?



Helstu heimildir

Helstu heimildir og viðtöl

Skriflegar heimildir

- Hagstofa Íslands – Ýmis tölfræði, veltutölur skv. virðisaukaskattsskýrslum, ásamt sérvinnslu um rekstur bókaútgáfa, skv. beiðni ARCUR.
- Landsbókasafn Íslands, sérvinnslur unnar í excel-skrár um útgáfur bóka eftir tegund og formi, skv. beiðni ARCUR
- Bókasafnalög nr. 150/2012
- Reglugerð um Hljóðbókasafn Íslands nr. 939/2013
- Höfundalög nr. 73/1972
- Hljóðbókasafnið, vefsíða
- Hljóðbókasafnið, starfsskýrslur 2018–2024
- Samningur Hljóðbókasafns Íslands við Rithöfundasamband Íslands, september 2022
- Starfsreglur Hljóðbókasafns Íslands
- Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, vefsíða með framboðnu efni.
- Miðstöð íslenskra bókmennta, vefsíða
- RANNÍS-heimasíða, upplýsingar um upphæðir styrkja og umsóknir um 25% endurgreiðslu kostnaðar vegna bókaútgáfu.
- Ingibjörg Kjartansdóttir, „Börn og netmiðlar – 1. hluti – Tækjaeign og virkni á samfélagsmiðlum“, Rannsókn Fjölmíðlanefndar og Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands, maí 2024
- Deloitte – Greining á árangri stuðnings við útgáfu bóka á íslensku, unnin fyrir menningar- og viðskiptaráðuneytið, dagsett 23. október 2023
- Árbók sveitarfélaga 2024, Samband íslenskra sveitarfélaga
- Rithöfundasambandið, könnun Zenter frá september 2024
- Frumvarp til laga um námsgagnagerð, lagt fyrir Alþingi 29. mars 2025.
- „An opportunity for audiobook global growth beyond English language markets“ skýrsla gefin út í september 2024 af Frankfurter Buchmesse í samstarfi við Dosdoce.com
- Grand View Research: www.grandviewresearch.com/industry-analysis/audiobooks-market,

ResearchAndMarkets.com og Franfurter Buchmesse

- Kathy Conklin, Sara Alotaibi, Ana Pellicer-Sanchez og Laura Vilkaite-Lozdienė, “What eye-tracking tells us about reading-only and reading-while-listening in a first and second language”, Second Language Research, 2020, Vol 36(3) 257–276
- inclusivepublishing.org/inclusive-publishing-hub-resources/ebook-legislation
- Keldan.is – fjármálalegar upplýsingar um stöðu bókaútgefenda og ársreikningar Storytel 2014–2023
- Efni frá þeim ráðuneytum sem úttektin er unnin fyrir

Viðtöl:

- Félag íslenskra bókaútgefenda: Bryndís Loftsdóttir og Heiðar Ingi Svansson
- Hagþenkir: Gunnar Þór Bjarnason og Friðbjörg Ingimarsdóttir
- Storytel: Lísá Björk Óskarsdóttir
- Rithöfundasamband Íslands: Margrét Tryggvadóttir og Ragnheiður Tryggvadóttir
- Hljóðbókasafn Íslands: Marín Guðrún Hrafnisdóttir
- Grammatek: Anna Björk Nikulásdóttir
- Miðstöð menntunar og skólaþjónustu: Þórdís Sigurðardóttir og Katrín Friðriksdóttir

Fyrirvari

Skýrslan er unnin af ARCUR og er gagnaöflun byggð á viðtölum og könnun meðal starfsfólks skóla. Þá er unnið með ýmis töluleg gögn sem aflað var úr gagnagrunnum, voru sérúnnin vegna greiningarinnar eða aflað af internetinu. Hvorki ARCUR né nokkur annar aðili ábyrgist nákvæmni eða áreiðanleika þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslunni né að þær séu tæmandi.

Ef upplýsingar sem ARCUR voru láttnar í té við skýrslugerðina reyndust rangar eða ófullnægjandi er ARCUR ekki skuldbundið til að leggja fram frekari upplýsingar, uppfæra skýrsluna eða leiðrétta ónákvæmni sem síðar kann að koma í ljós.

Allar ákvarðanir sem teknar kunna að verða á grundvelli upplýsinga sem settar eru fram í þessari skýrslu eru alfarið á ábyrgð þeirra sem þær taka.

Ábyrgðaraðili verkefnisins fyrir hönd ARCUR er
Pröstur Sigurðsson sem veitir nánari upplýsingar
um skýrsluna (throstur@arcur.is).